

Kæru nemendur í MH

Nú nálgast lokapróf, fyrsti prófdagur er 4. desember og lokafrestur til að sækja um sérúrræði er 15. nóvember.

Alltaf eru einhverjir nemendur sem þurfa sérúrræði á próftíma og reynt er að bregðast við því. Í MH er m.a. hægt að biðja um að fá að taka próf í kennslustofu frekar en á sal og lesblindir geta fengið lituð prófblöð eða prófið lesið fyrir sig. Nemendur sem hafa stundað námsverið reglulega geta tekið próf í stofu með námsverskennurum.

Þetta stendur nemendum til boða sem eiga greiningar af einhverjum toga eða hafa vottorð frá lækni /sálfræðingi. Ávallt er þó tekið tillit aðstæðna hverju sinni og allar umsóknir skoðaðar.

Þú þarft að koma á skrifstofu náms- og starfsráðgjafa til að sækja um sérúrræði, ekki er hægt að gera það í pósti.

Muna að lokafrestur er 15. nóvember.

Kv. Fríður, Ásdís og Hafdís námsráðgjafar MH